

Laugarvatni 3/11 2022.

Vegna umræðu Heilsugæslunnar í Laugarási sem fram hefur farið hjá sveitafélögum sem að henni standa, viljum við í 60plús ítreka fundarsamþykkt okkar.

Á Aðalfundi 60plús sem haldinn var í Laugardal 29. júní 2020 var samþykkt að skora á sveitastjórnir, ráðherra og alþingismenn að vinna að því að húsnæði Háskólans á Laugarvatni, að Lindarbraut 4, verði gert að dvalarheimili fyrir aldraða vegna vöntunar á slíkri stofnun í uppsveitum Árnessýslu.

Húsið hefur alla kosti til að vera gert að dvalarheimili, (þó að einhverju yrði breytt og lagað) en húsið er í eigu ríkissins, staðsetning er afar góð með tilliti til þeirrar þjónustu sem er í boði á Laugarvatni, s.s. sundlaug, Fontana, verslun, veitingastaðir og góðar gönguleiðir.

Kveðja stjórn 60plús Laugardal
Halldór Benjamínsson formaður.
Halldóra Guðmundsdóttir ritari.
Fanney Gestsdóttir gjaldkeri.

Bréf þetta er sent þeim er málið varða

Alþingismönnum
Sveitarstjórnnum
Eldriborgarafélögum